

Sp.

124. Tillaga

til þingsályktunar um bann gegn því að reisa nýjan bæ í binu friðlýsta skóglendi við Vellankötlu í Þingvallasveit.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

Sameinað Alþingi ályktar, að með því að leyfi það, sem meiri hluti Þingvallanefndar hefir veitt Jóhanni Kristjánssyni bónda í Skógarkoti til að flytja bæ sinn niður að Vellankötlu og reisa hann þar og rækta nýtt tún, þar sem nú er samfelld skóglendi, verði að teljast hreint brot gegn anda laga nr. 59 frá 1928, um friðun Þingvalla, og tilganginum með setningu nefndra laga, þá er hér með lagt fyrir Þingvallanefnd að gera nú tafarlaust ráðstafanir til þess, að nefndur Jóhann Kristjánsson hætti þegar við byggingu húsa og jarðrask við Vellankötlu í Þingvallasveit.

Greinargerð.

Enda þótt í lögum nr. 59 frá 1928, um friðun Þingvalla, sé kveðið svo á, að ekkert jarðrask megi fara fram á hinu friðlýsta svæði, nema með leyfi Þingvallanefndar, þá leiðir það samt af tilgangi laganna og þerum orðum, að landið sé æfinlega friðlýst, að Þingvallanefnd er ekki heimilt að láta fara fram annað jarðrask en það, sem nauðsynlegt er til að tilganginum um friðlýsinguna verði sem bezt náð, t. d. með nauðsynlegum girðingum o. s. frv. Þessa meginreglu laganna hefir meiri hluti Þingvallanefndar algerlega hrotið, og það á svo alvarlegan hátt, að Alþingi sem verndari Þingvalla hlýtur að taka í taumana, eins og til laga þessi gerir ráð fyrir.

Hér verða látin fylgja með nokkur skjöl, er snerta mál þetta. 1. Ágreiningsatkvæði minni hluta nefndarinnar (Jónasar Jónssonar) gegn því að leyfi þetta yrði veitt. 2. Bréf meiri hluta nefndarinnar (Magnúsar Guðmundssonar og Jakobs Möllers), þegar Jóhanni Kristjánssyni er veitt leyfið. 3. Bréf oddvitans í Þingvallasveit og eiganda Valhallar, Jóns Guðmundssonar. 4. Bréf hreppstjórans í Þingvallasveit, Einars Halldórssonar á Kárastöðum. 5. Bréf Halldórs bónda Jónssonar í Hrauntúni. 6. Bréf umsjónarmannsins á Þingvöllum, Guðm. Davíðssonar.

Fylgiskjal I.

Útdráttur úr fundargerð Þingvallanefndar 14. sept. 1934.

.... Jónas Jónsson bað um þetta bókað:

„Út af beiðni Jóhanns Kristjánssonar í Skógarkoti um að flytja bæ sinn niður að Vellankötlum, vil ég taka þetta fram:

Ég er algerlega mótfallinn, að byggt verði á þessum stað, vegna friðunarinnar. Liggja fyrir mótmæli umsjónarmannsins á Þingvöllum, oddvita og hreppstjóra sveitarinnar og frá bóndanum í Hrauntúni. Jón Baldvinsson, formaður Alþýðuflokksins, hefir leyft mér að geta þess, að hann sé algerlega mótfallinn þessari ráðabreytni, og má því búast við, að meiri hluti núverandi þings sé andvígur því, að þetta leyfi sé veitt. En þar af leiðir, að það er ábyrgðarhluti fyrir meira hluta nefndarinnar að taka ákvörðun, sem er andstæð vilja meira hluta Alþingis.

Ég álit, að komið geti til mála, að bygging á þessum stað sé að öðru leyti í ósamræmi við landslög, og áskil mér rétt til að láta fara fram athugun á því efni“.

Fylgiskjal II.

ÞINGVALLANEFND

Reykjavík, 15. sept. 1934.

Herra bóndi Jóhann Kristjánsson, Skógarkoti.

Til svars bréfi yðar, dags. 24. maí þ. á., þar sem þér farið þess á leit að mega rífa hús ábýlisjarðar yðar og byggja upp af nýju í nánd við svokallaða Vatnskotsvík, á stað, sem þér hafið sýnt Þingvallanefndinni, er yður hér með tjáð, að nefndin hefir á fundi sínum í gær ákveðið með 2:1 atkv. að leyfa hið umbeðna með þeim skilyrðum, sem hér segir:

1. Að í hinum nýju húsum verði aldrei seldar veitingar né gisting, sem á nokkurn hátt keppi við gisti- og veitingahúsið á Þingvöllum (Valhöll), og áskilur Þingvallanefnd sér rétt til að fella fullnaðarúrskurð um það atriði, ef ágreiningur rís, enda sé eigandi húsanna skyldur til að hlíta þeim úrskurði.
2. Að hin nýju bæjarhús séu ekki stærri en 7 x 8 metrar, úr steinsteypu, með torfbaki, ekki hærrí en ein hæð með risi, og sé farið eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar byggingameistara einnig að öðru leyti. Bæjarhúsin, sem nú eru í Skógarkoti, verði rifin og enginn hafist þar við eftir að flutt er í hið nýja hús.
3. Að ekki sé tekið stærra landsvæði undir tón kringum hina nýju byggingu en 4 hektarar, nema leyfi Þingvallanefndar komi til.
4. Að túni því, sem nú er í Skógarkoti, sé haldið í jafngóðri rækt og nú, meðan Þingvallanefnd krefst.

Fylgiskjal III.

Valhöll, 10 — 9 — 1934.

Herra alþingismaður Jónas Jónsson hefir sem Þingvallanefndarmaður leitað álits míns sem bónda í Þingvallasveit og eiganda gistihússins Valhallar um þá fyrirhuguðu nýbreytni að flytja býlið Skógarkot niður að Vellankötlum og reisa þar hús að nýju skammt ofan við þjóðveginn.

Sem bóndi get ég ekki séð, hvernig nýbýli geti borið sig fjárhagslega innan þjóðgarðsins, þar sem jafnmiklar hömlur eru lagðar á búrekstur og þar er.

Það er alltaf áhyggjuefni með nýbýli, að þau geti borið sig fjárhagslega. Þess vegna verður að velja staðhætti, þar sem góð aðstaða er til markaðar og ræktunar.

Jarðir þær, sem eru innan þjóðgarðsins, eru einar langbeztu jarðir þessarar sveitar, og studdist það við þá góðu fjárbeit, sem á þeim var, enda var nær því helmingur af sauðfénaði hreppsins á þeim. Galli hefir það verið, að erfitt hefir verið stundum með vatn í Hrauntúni og Skógarkoti, en úr því má bæta stórlega með mjög litlum kostnaði.

Ég hefi alltaf litið svo á, að ekki gæti orðið um verulegan búrekstur að ræða á þessum jörðum innan þjóðgarðsins, þegar fjáreign væri lögð niður, heldur gæti þar orðið einungis um sumardvalarstaði að ræða, enda hefir hið háa Alþingi litið svo á, þar sem kom fram í umræðum um friðunina, og beint tekið fram í friðunarlögunum, að bæta hreppnum upp þann skaða, sem hreppsfélagið sem heild og einstakir menn liðu við friðunina. Að sveitabúskapur geti borið sig á nýbýlum inni í þjóðgarðinum án sauðfjárbúskapar, get ég ekki skilið. Það, sem gæti hjálpað nýbýlum eitthvað við, væru veitingar á beztu stöðunum í þjóðgarðinum, þangað sem fólk sækir mest. Ég hefi hér fleirtölu, því ég veit með vissu, að Halldór í Hrauntúni og ef til vill fleiri biða eftir úrslitum þessa máls. Ég get ekki séð, að Þingvallanefnd geti neitað einum fremur en öðrum um nýbyggingarleyfi.

Ég vil biðja Þingvallanefnd að athuga, hvernig mín aðstaða verður í framtíðinni. Ég varð að flytja mín hús af bezta staðnum á Þingvöllum á annan lakari stað, en bót var í því máli, að Þingvallanefnd lofaði ákveðið, að ekki skyldu koma upp aðrir staðir til veitinga innan þjóðgarðsins, en ef það skyldi bregðast, að upp skyldu koma veitingastaðir á beztu stöðum innan þjóðgarðsins, þá fæ ég ekki séð, að ég geti rekið mitt hótél með líku sniði og verið hefir; þá hefi ég um það að velja að draga saman allan tilkostnað við reksturinn. Hvort hótelið verður þess megnugt þá að geta boðið tignustu gestum upp á sémilegar móttökur hér á Þingvöllum, þannig að það verði alþjóð vansalaust, efast ég um. Til þess að hægt sé að reka hér myndarlegt hótél, sem þessum stað er sambodíð, og hafa það opið í 2 til 3 mánuði af árinu, má ekki rýra þær tekjur, sem það nú hefir. Ég hefi lagt í ýms fjárhagsatriði til að reyna að endurbæta hótelið, t. d. mjög dýrt rafmagn með fleiru. Til að sanna þetta get ég lagt fram minn rekstrarreikning, og hefi ég eftir beztu vitund látið búið og þennan rekstur vinna með hagsýni saman. Hér á Þingvöllum verður alltaf að vera til sémilegt hótél, sem getur tekið á móti gestum þjóðarinnar fyrirvaralítið, en ef hótelið eða tekjur

Þess rýrnuðu til muna, þá er það ekki hægt fyrir einstakling án hjálpar að reka það í þeirri mynd, sem staðurinn krefst. Þingvallanefnd furðar ef til vill á því, að ég skuli gera veitingar að umræðuefni, þar sem hún lofar, að það skuli ekki koma fyrir, að veitingar verði leyfðar innan þjóðgarðsins öðrum en mér.

En getur Þingvallanefnd samningsbundið það, að ekki fari fram veitingar í neinni mynd á hinum nýju býlum? Ég efast mjög um það, að löggjöf um veitingar sé þannig, að það sé hægt, nema þá með sérstökum samningum við nýbyggjendur, og alltaf verður erfitt og dýrt að hafa eftirlit með mörgum stöðum, ef eftirlits er þörf.

Hvernig sem ég skoða þetta mál, get ég ekki séð neitt, sem mælt geti með nýbýlum innan þjóðgarðsins; ég held fyllilega, að reynslan muni sanna það, að það yrði óheillaspor bæði fyrir friðunina og þá, sem leggja peninga í nýbýli í þjóðgarðinum. Frá friðunarinnar sjónarmiði þá sé ég ekki, hvað meint hefir verið með flutningi húsanna fyrir alþingishátíðina, ef svo á að endurtaka samskonar byggingar á ný.

Ef til samninga kemur um nýbyggingu, bið ég Þingvallanefnd að lofa Pétri Magnússyni hæstaréttarmálaflutningsmanni að vera viðstaddur til að gæta þar hagsmuna minna.

Jón Guðmundsson.

Til Þingvallanefndarinnar, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Sem svar við spurningu þinni sem nefndarmaður Þingvallanefndar, hvernig ég liti á nýbýli við Vellankötlu, vil ég taka þetta fram:

Ég hefi ekkert um þetta mál hugsað og veit ekki með vissu, hvar þar á að byggja, en með því aðeins að líta yfir landið virðist það fremur erfitt til ræktunar. Því fyrst mun þurfa að ryðja skóg, til þess að fá túnstæði, sem nokkru nemur, og vont að vinna það land, sent bæði er að líkindum grýtt og allt bundið sterkum skógarrótum.

Ef það er rétt, að Jón Guðmundsson sé búinn að gefa rikissjóði gistihúsið Valhöll, þá virðist mér það helzt athugasverðast við þessa nýbýlis-hugmynd, ef þar yrði rekin greiðasala, sem nokkru nemur, og því er ekki að neita, að frá því fyrst að farið var að tala um byggingu við Vellankötlu, hefir alltaf verið talað um gistihús, en ekki ræktað býli. En hvort það hefir við nokkuð að styðjast, læt ég ósagt; ég hefi aldrei átt tal við Jóhann um þetta.

Virðingarfyllt.

Einar Halldórsson,
Kárastöðum.

Til hr. alþm. Jónasar Jónssonar.

Fylgiskjal V.

Dú hefir sem Þingvallanefndarmaður spurt mig sem kunnugan bónda í Þingvallasveit um álit mitt á þeirri nýbreytni, sem talað er um, að flytja býlið Skógarkot niður að Vellankötlum. Sem svar við þessu skal tekið fram, í fyrsta lagi: að með flutningi býlisins eru eyðilögð öll mannvirki og ræktun, sem þar hafa verið gerð öldum saman og fram á þennan dag. Í öðru lagi hefir fornmenjavörður landsins í áliti um friðun Þingvalla tekið skýrt fram, að engin nýbýli verði reist á Þingvallahrauni. Í þriðja lagi virðist flutningurinn gerður til þess að koma þarna upp greiðasölu framvegis, en hennar er sízt þörf hér um slóðir. Í fjórða lagi hefir enginn ábúandi hér í sveit, sem ég hefi átt tal við, mælt því bót að flytja býlið ofan að Vellankötlum.

P. t. Þingvöllum, 9. sept. 1934.

Halldór Jónasson,
frá Hrauntúni.

Til Jónasar Jónssonar alþingismanns, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

Dú hefir sem Þingvallanefndarmaður spurt mig um álit mitt sem skógræktarmanns og umsjónarmanns friðlýsta landsins á Þingvöllum á þeirri nýbreytni, sem talað er um, að flytja býlið Skógarkot ofan að Vellankötlum. Ég lít svo á, að flutningurinn á býlinu sé í alla staði ónauðsynlegur og að ýmsu leyti skaðlegur.

1. Hann hefir óhjákvæmilega í för með sér gereyðingu á gróðursælum og miklum skógi. Ekki einungis að þurfi að uppræta skóg þar, sem býlið á að standa, heldur líka í nánasta umhverfi þess. Þá verður og skógurinn fyrir átroðningi og skemmdum lengra frá kringum býlið, sem hann annars fengi að standa óhreyfður.
2. Samkvæmt 5. gr. í reglum um friðun Þingvalla er tekið fram, að ekkert skýli megi reisa á friðhelga svæðinu nema með leyfi umsjónarmanns á Þingvöllum og þar sem hann ákveður. Um flutning á býlinu þarf, að mínu áliti, hans samþykki að koma til. Má gera ráð fyrir, að umsjónin verði erfiðari og umfangsmeiri, þar sem ætla má, að í framtíðinni risi þarna upp greiðasala, þó að nú sé látið í veðri vaka, að ekki sé til hennar stofnað.
3. Friðun Þingvalla er meira og minna í hættu, nái bústaðabreyting þessi fram að ganga, því að gera má ráð fyrir, að aðrir menn komi á eftir, þó síðar verði, og þykist eiga heimtingu á sömu friðindum og núverandi ábúandi á Skógarkoti fer fram á. Er þá komið hér út á braut, sem erfitt verður að snúa út af.

Þingvöllum, 10. sept. 1934.

Guðm. Davíðsson.

Til Jónasar Jónssonar alþingismanns, Reykjavík.